

Hvernig tileinka börnin sér málið?

Svanhildur Svavarsdóttir talmeinafræðingur skrifar:

Hvernig er hægt að hjálfa þau svo að árangur náist? Samkvæmt kenningu A.R. Luria, sem var rússneskur taugalíffræðingur og sálfræðingur, skiptir miklu máli í hvernig umhverfi börnin búa svo þau nái sem bestum þroska. Foreldrar og aðrir þeir sem umgangast barnið þurfa að vita hvernig og hvað þeir eiga að gera til að örva þroska þess. Það að ala upp barn svo það öðlist sem bestan þroska miðað við getu hvers og eins er ekki eitthvað sem gerist bara að sjálfu sér.

Það er ábyrgðarhlutverk að vera foreldri, fóstura, kennari eða uppalandi. Við þurfum að vanda okkur, breyta eftir okkar bestu sannfæringu og á þann hátt sem okkur hefur verið kennt að væri gagnlegt. Við verðum að sinna hlutverkinu heilshugar, því annars næst ekki árangur. **Góð samskipti** milli foreldra og barna eru afar mikilvæg svo barnið nái eðlilegum félags-, tilfinninga-, vitsmuna- og málþroska.

Þær kenningar Luria sem hann er hvað þekktastur fyrir eru kenningar hans um starfsemi heilans, áhrif umhverfis á hann og áhrif umhverfis á málþroska barna. Luria skiptir heilanum í “**blokkir**” sem hverri og einni er ætlað ákveðið hlutverk ásamt samspili milli blokkanna. Við skulum átta okkur á hvernig hver blokk er og hvaða hlutverk hún hefur.

Í **blokk I** (aftasta og neðsta hluta heilans) er að finna virkni vitundar og hvatasvæði heilans. Þetta svæði er aftasti hluti heilans og í heilastofni. Truflanir í blokk I koma oft fram hjá börnum sem ofvirkni; þau hafa litla sjálfsstjórn, eira stutt við hluti, vaða úr einu í annað, eða það kemur fram í framkvæmdarleysi og seinvirkni; þau eru hægfarar.

Í **blokk II** (miðhluta heilans) fer fram móttaka á ytri skynáreitum sem við fáum og þar eru skynjanirnar sundur-greindar og alhæfðar. Í blokk II eru svæði sem taka við hinum mismunandi skynáreitum; svæði sem tekur við sjónáreitum, heyrnaráreitum, hreyfiáreitum og við snertiáreitum. Síðan þurfa þessi svæði að senda boð á milli til þess að skyntúlkun geti átt sér stað. Það felur í sér sundurgreiningu fyrst, en síðan alhæfingu sem felur í sér túlkun á því hugtaki sem fengið var. Barn sér t.d. hjól. Sundurgreiningin er

sú að barnið sér hring og strik og hring, sem það síðan alhæfir sem hjól eftir fyrri reynslu og upplifun.

Truflanir í blokk II koma fram sem skyntruflanir, t.d. sjónskyn skert, börn sjá ekki form, átta sig ekki á fjarlægð, ekki hvort hlutur er langt eða stutt frá og sjá ekki mun á formum. Það kemur einnig fram í slakri einbeitingu við að framkvæma.

Hlusta - börnin heyra, en heyra ekki. Þau skynja illa talhljóð og mismun á talhljóðum og bera þau þess vegna rangt fram, skynja illa röðun, hvað er fyrst, síðast eða næst. Einnig kemur það fram sem skert geta til að skilja tímann; í dag, í gær, á morgun. Börnin sem eru með truflanir í blokk II eru oft greind sem misþroska vegna allra þessara fyrrgreindu þátta og annarra.

Í **blokk III** (fremsta hluta heilans) fer fram skipulagning á frumkvæði barna, á því hvernig barn leikur sér. Í blokk III fer einnig fram úrvinnsla á boðum sem blokk II sendir til blokkar III. Blokk III er háð því að skynjun sé rétt svo hún geti unnið úr skilaboðum og framkvæmt það sem blokk II fékk áreiti um að gera, Í blokk III fer fram skipulagning á boðum og framkvæmdum sem blokk II fékk að utan. Blokk III skipuleggur athafnir, sér um frumkvæði í tjáningu og leik.

Börn sem hafa truflanir í blokk III, eru með tjáningu sem er mjög ruglingsleg, þ.e. orðin sem þau nota í setningu er raðað rangt. Þau eru mjög skipulagslaus í leik; kunna ekki að búa til leik eða framkvæma athöfn, t.d. þvo, klæða sig og vantar allt frumkvæði í að gera hluti á eigin spýtur. Þau eru óörugg, kvíðin og vantroysta sér.

Það sem kemur fram í kenningu Luria, er að heilinn starfar sem heild þó svo að hvert svæði hafi ákveðið hlutverk sem er þó háð samvinnu milli svæðanna.

Þegar hugsað er til þess hvernig heilinn starfar og einnig hvað umhverfi og aðstæður skipta miklu máli í þróun alls þroska er afar mikilvægt að vita eitthvað um hvað hægt er að gera til að virkja og örva börnin til að ná sem bestum málþroska miðað við þeirra líffræðilegu getu. Það skiptir líka máli að virkja getu einstaklingsins til að nota það sem hann kann og veit.

Við þurfum að örva börnin, en við verðum líka að kenna þeim að nota getu sína. Það sem oft vill verða í kennslu og þjálfun barna með sérþarfir er að þau fá æfingar miðað við

þroska, sem er ágætt, en minna um þjálfun í færni, virkni og frumkvæði, sem er í raun miklu mikilvægara, sérstaklega ef um er að ræða börn með mikil frávik. Það er t.d. mikilvægara að barn læri að leggja á borð en að para saman liti. Það er mikilvægara að geta nefnt hnífapörin en litina, þegar út í lífið er komið. (Auðvitað er ágætt að börn kunni litina líka.)

Luria setti fram kenningar um málþróun barna. Hann kannaði sérstaklega stýrandi þátt tals og sýndi fram á að börnin nota fyrst tal með athöfn og síðan nota þau tal til að skipuleggja verknað eða athöfn. Það þýðir að talið verður stýrandi verkfæri hugsunarinnar. Hann taldi málþroska vera afgerandi fyrir vitsmunþroska barna.

Málþróunarkenning Luria er þessi :

1. For-undirbúnings skeið.

Barnið stjórnast af eigin hvötum frekar en annarra. Það gefur til kynna hvort það er svangt, þreytt eða ánægt. Blokk I er virk (0-3m).

2. Undirbúnings skeið.

Barnið er skynjunarvera, svæði í blokk I taka við skynáreitum. Móðir getur stjórnað barni með tali, en það er rödd, styrkur og tónn sem skiptir máli. Barnið túlkar blæbrigði og raddstyrk, en ekki orðin. Móðirin byrjar að túlka skilaboð barnsins og síðan fer barnið að túlka skilaboðin sem berast með raddbeitingu móður, röddin er hlý, reið, há eða æst. Barnið túlkar og skilur þarna strax skilaboðin (3m-12m).

3. Fyrsta stig (1 1/2 - 2 1/2 árs).

Barnið getur farið að munnlegum fyrirmælum ef það fær sjónræna vísbendingu. Tal þess er lítið stýrandi og barnið á erfitt með að tengja saman tal og hreyfingu. Það á erfitt með að tala og ganga um leið. Það er vegna þess að samspil á milli vinstri og hægri heila er ekki orðið fullþróað fyrr en seinna. Vinstri heili sér um orðin, en hægri um skipulag hreyfinga. Barnið stoppar á göngu ef það talar en heldur svo áfram og hættir að tala.

4. Annað stig (2 1/2 - 4 ára).

Barnið notar tal með athöfn. Það gerir hlutinn og segir um leið, en ekki áður en það framkvæmir sem það gerði áður. Samspil milli hægri og vinstri heila er að þróast. Þetta stýrandi tal verður að innra tali. Setningamyndun byrjar og barnið hreyfir sig betur, betra skipulag á hreyfingum.

5. Þriðja stig (5 - 6 ára).

Barnið notar innra tal til að stjórna hreyfingum og athöfnum, en ytra tal til að auðvelda ef verkefni eru erfið (t.d. ef konan ætlar að sauma eða baka, þá talar hún upphátt um það sem hún ætlar að gera til að skipuleggja sig). Skilningur ræður nú ferðinni, ekki fljótfærni. Einnig talar barnið minna núna en hugsar meira.

Starfsemi heilans og þróun er háð umhverfi og því mikilvægt að skipuleggja vel málumhverfi barna með frávík og tryggja að þau fái þjálfun á sem flestum sviðum svo að örvun málþroskans fari fram.

Luria skrifar mikið um samvinnu milli heilastöðva og heilahvela og er því nauðsynlegt að skrifa um það hér. **Hægra megin í heila fer fram sú starfsemi sem túlkar heildir, skipuleggur athafnir, túlkar tónlist og söng. Vinstra megin í heila fer fram skilningur á mæltu máli og myndum.**

Það skiptir miklu máli að samspil fari fram milli heilasvæða. Þegar við fáum skynáreiti er mismunandi hvor heilahelmingur tekur fyrst við boðum og hvaða leiðir boðin fara. Ef ég hlusta á hljóð úr umhverfi er það hægri heili sem skynjar þau hljóð, sendir síðan boð yfir í vinstri heila sem skilur síðan hljóðgjafa, sendir til baka boð og síðan segjum við hvað við heyrðum. Það er mikilvægt að skilja þetta samspil þegar við ætlum að örva málþroskann. Ef ég æfði barn í að hlusta á hljóð án þess að það þyrfti að segja mér hvaða hljóð þetta var er ekki verið að styrkja málið, heldur eingöngu skynjun. Barn getur þekkt hljóð án þess að kunna að nefna það og því er mikilvægt að fá barnið til að nefna svo samspil eigi sér stað. Þetta styrkir líka frumkvæðistjáningu barnsins síðar meir. Það er líka mikilvægt að vita hvernig þjálfun þarf að fá til að auka færni á ákveðnum sviðum.

Barn sem er með mikla framburðargalla á oft í erfiðleikum með hlustun. Hlustun hins vegar þarf að vera mjög ákveðin fyrir þessi börn. Það hjálpar þeim lítið við að aðlaga framburð að hlusta á umhverfishljóð eða tónlist, en það gæti styrkt minni þeirra. Hlustun

þeirra þarf að vera á hin mismunandi orð, einnig þarf að vinna með takt, rythma og hrynjanda, sem hægri heili sér um að túlka og tileinka sér.

Þegar við tölum fáum við boð frá vinstri heila um orðin sem við ætlum að nota, en hægri heili sér um túlkun á orðunum og sér um áherslur og hraða tjáningarinnar. Þetta segir okkur að tengsl heilahvela er afar mikilvægt að þjálfra og að við verðum að styrkja þetta samspil til þess að örvun á málþroska barna fari fram.

Þegar vinna á með málörvun, þarf að skipuleggja vel **umhverfið** sem vinna á í og einnig að undirbúa fyrirfram það sem gera skal í málörvunartímanum. Skipulagningin fer þannig fram að notuð eru **stýrisþjöld** sem hengd eru upp á ákveðinn stað í herberginu og sýna myndir af athöfnum sem fram eiga að fara í tímanum. Myndirnar hjálpa barninu að **skilja og muna** athöfnina og einnig sýna þær barninu myndrænt hvað eigi að gera og hvar eigi að vera. Myndirnar hjálpa barninu líka að skynja tíma, hvað er fyrst og síðast.

Sjá mynd á næstu síðu.

Á **svæði A** fer fram þjálfun í að nota frumkvæði. Þar er talað saman, börnin þjálfuð í að kalla fram fyrri reynslu, sem eflir minni þeirra. Ég fæ þau til að segja frá hvað þau voru að gera í gær, hvað þau borðuðu í morgun, hvernig þau komu til mín og fleiri atriði sem hjálpa þeim að átta sig á umhverfi sínu; eins og hvernig við klæðum okkur þegar rignir úti, eða snjór er.

Við teiknum á **töflu** það sem þau segja, það festir betur hvað er verið að tala um og þau fylgjast líka betur með. Þau æfa að teikna sjálf. Þegar börn teikna með krít sem er lítil, nota þau grip um krítina, sem er mikilvægt að þjálfra. Þau halda um krítina með þumalfingri og vísifingri með stuðningi frá löngutöng. Það er mjög mikilvægt að börin nái þessu gripi sem best, það tryggir betri færni með blýanti síðar - þó svo í dag séu tölvur það sem koma skal. Einnig er talið að þær stöðvar í heila sem stjórnari talhreyfingu og fínhreyfingu hafi áhrif hvor á aðra og það sé örvandi fyrir talgetu að æfa fínhreyfingar.

Ef börnin eru með litla getu til að tjá sig nota ég myndir til að tala um eða hluti.

Handbrúður eru einnig mjög gagnlegar til að fá fram tal hjá börnum. Oft tala þau við handbrúðurnar fyrst áður en þau tala nokkuð við mig.

Við syngjum saman á **svæði A** og allt sem sungið er, er teiknað á blað, þannig að börnin sjái um hvað þau eru að syngja og það eykur möguleika á skilningi á því sem þau eru að syngja um og verður því málörvun. - Við höfðum því þannig til málskilnings sem liggur

í *vinstra heila*, en raddbeiting, hraði, hrynjandi, heyrnar- og raðminni er í hægra heila. Með því að syngja með börnunum á þennan hátt tryggjum við samspil heilahvela sem er afar mikilvægt að sé fyrir hendi svo við náum sem bestum málþroska.

Söngur er einnig mikilvægur vegna þess hann skapar vellíðan og samkennd með þeim sem syngja saman. Hann skapar **tilfinninga- og félagslegt samspil**, sem skiptir máli í öllum samskiptum.

Á **svæði A** er líka lesið í bók með börnunum, þau hlusta og endursegja söguna sem lesin var. Sögulestur eykur ímyndunarafl, eykur orðaforða og skilning á umhverfi. Einnig þjálfar það heyrnarminni og raðminni að láta börnin endursegja sögurnar með sínum orðum. Það styrkir tjáningargetu þeirra síðar.

Á **Svæði A** er verið að virkja **blokk III**, fá fram frumkvæði og auka skipu-lagningu í tjáningu. - Það er verið að virkja saman heilasvæðin í hægri og vinstri heila. - Vinstri heili sér um innihald orðanna, en hægri heili sér um hvernig við tölum; einnig áherslur og hraða í setningunni sem við notum. Þessi samvinna er forsenda þess að við getum tjáð okkur vitsmuna- og skipulega rétt.

Á **svæði B** fer fram vitsmunaörvun, orðaforðaörvun, setningaþjálfun og framburðarleiddrétting. Þar spilum við á spil og gætum þess að spila þannig að það sé örvun - spilum lottospil - og æfum börnin í að spyrja spurninga - **hver á bíl, hver á mann sem er að hjóla, o.s.frv.** Við spilum spil sem æfa hugtakatengingar. **Bóndinn á dýrin og notar traktor o.fl., bakarinn bakar brauð og notar hrærivél o.fl.** Við spilum spil sem æfa liti og form - notum kubba til að byggja úr og börnin herma eftir hvernig kubbunum er raðað.

Framburðarleiddrétting fer fram um leið og börnin spila, henni er lætt inn **án** þess að það trufla eða ergi börnin. - Við förum einnig og stöndum fyrir framan spegil og hreyfum andlit, tungu og varir.

Einnig er gott að æfa munn- og tunguleikfimi um leið og þau burstu tennurnar heima. Við virkjum **blokk II** á þessu svæði auk þess sem við hvetjum börn til að tjá sig hvert við annað um leið og þau spila.

Í **blokk II** fer fram skyntúlkun á ytri áreitum - sem börn fá og þar fer fram samþætting á boðum milli skynsvæða sem síðan er sent til **blokkar III**. Þess vegna þarf að vinna

alhliða með málörvun. Börn læra ekki hugtök eða orð með því eingöngu að skoða myndir. Þau þurfa sjálf að upplifa og framkvæma svo þau skilji.

Það er þess vegna sem öll æfing sem framkvæmd er verður að vera hluti af hugtakinu sem þau eru að læra. Ef við viljum kenna hugtakið skítugur, þá þarf að hafa það alveg augljóst með því að sýna barninu *hvað er skítugt og svo hvað er hreint*. Ekki bara myndrænt, þó svo að stundum gangi að sýna sumum börnum myndir - þau skilja ekki fyllilega fyrr en þau hafa reynt það sjálf.

Einnig skiptir máli að nota **spil** til að virkja tal barna, nota þau sem tæki til samskipta. Börnin geta t.d. fengið myndir í hendur og svo eiga þau að sitja á mismunandi stöðum í herberginu og kallast á, biðja hvort annað um mynd sem þau vantar í myndasafnið sitt, - þ.e. fá þar af myndum. Ef barn er með einn hest þarf það að fá annan og þá verður það að kalla til hinna og spyrja og svo fer það og sækir myndina.

Á **svæði C** æfum við markvissa hlustun og fínhyrfingar, eins og að *klippa og lita*.

* Við hlustum fyrst á segulbandsspólu sem á eru hljóð úr umhverfi, eins og t.d. bíla- og dýrahljóð;

* Við æfum að þekkja hljóð, en næst að hlusta á 2-3 hljóð í röð og muna.

* Síðan æfum við að hlusta eftir orðum, hafa eftir orð sem sögð eru og æfa þannig heyrnarminni.

* Einnig æfum við sérhljóðahlustun, eins og mun á **man** og **men**.

* Gott er að æfa sérhljóðahlustun með því að börnin finna út hvaða orð er verið að segja með því að nota eingöngu sérhljóðin í orðinu.

* Það er gott að hafa myndir af orðunum fyrir framan börnin þegar þessi æfing hefst. Það geta verið myndir af kanínu, skærum, stígvélum eða sokkum. Svo fer æfingin þannig fram að þjálfarinn segir: Hvaða orð segi ég núna? **a-i-a** (kanína), **æ-i** (skæri), **í-é** (stígvél). Þessi æfing er afar góð og gefur vísbendingar um getu barnsins á talhljóðahlustun.

* Við æfum líka að klippa - og þá er mikilvægt að gæta þess að börnin noti góð skæri, sem hafa rými fyrir tvo fingur, auk þess sem örvhent börn fá vinstrihandarskæri.

* Það skiptir líka máli að kenna börnunum að halda rétt á blaðinu sem er verið að klippa, að þumalfingur sé ofan á blaðinu. Það styrkir réttar boðsendingar til heila og samvinna handa verður betri.

* Við æfum okkur líka að nota liti og blýant til að styrkja grip barnanna. Um leið er hægt að láta þau fá alls kyns verkefni sem auka málskilning. Það má líka æfa munnleg fyrirmæli með því að börnin fái ákveðin fyrirmæli um hvað skuli teiknað. Þá þurfa þau að hlusta, muna og framkvæma. Þegar börnin teikna hjá mér reyni ég að tengja það vitsmunaörvun, en læt aðra um að vinna með hugmyndaflug og ímyndunarafli.

Á **svæði C** er mikið unnið með samspil vinstri og hægri heila. Barn fær boð um hvað það eigi að gera, vinstri heili skilur, en hægri heili framkvæmir og sér um túlkun, hvort sem það verður munnlegt eða skriflegt.

Þegar börn hlusta á hljóð, þá *greinir hægri heili hljóðið*. Ef það er ekki talhljóð, sendir hann boð til vinstri heila, sem skilur hvað þetta hljóð er og skilar til baka upplýsingum til hægri heila og barnið talar og notar tungu-hreyfingar til að segja hvað það heyrði. Tungan fær boð frá báðum heilahvel-um, - innihald frá vinstra, en hreyfingu frá hægra.

* Á **svæði D** æfi ég takt og rythma sem er hluti af starfsemi hægri heila. Barnið lærir einnig að telja með hjálp af takti. - Við spilum á hljóðfæri, sem einnig er góð þjálfun fyrir samspil á milli heilahvela. Hægri heili stjórnar hreyfingu og vinstri veit hvað oft og hve mikið. Það er einnig styrking á ráðandi heilahvel að láta börnin fá í hendur hljóðfæri. Önnur höndin heldur á, hin slær á hljóðfærið. Með þessari æfingu erum við að styrkja ráðandi heilahvel, sem er mjög mikilvægt fyrir allan málþroska, einnig að styrkja skipulag á athöfnum okkar.

Á **svæði D** nota ég hljóðfærin, trommu, þríhorn og stafi. Börnin læra að nota hljóðfærin með því að þeim eru sýndar myndir af þeim.

* Þau sjá mynd af trommu og þá eiga þau að spila á trommuna. Ef þau sjá svo mynd af 3 trommum, þá slá þau þrisvar á trommuna.

* Þá má líka teikna mynd af stórri trommu - og lítilli. Þá spilum við sterkt ef stóra tromman kemur og veikt ef litla tromman kemur. Undirstöðuatriði í tónmenntanámi barna eru oft þau sömu og talþjálfari notar með börnum sem eru með frávík í málþroska. Talþjálfari æfir hlustun og heyrnareinbeitingu. Það gera tónmenntakennarar líka. Það ætti að vera mun meiri samvinna á milli almennra kennara og tónmenntakennara barna.

* Á **svæði E** fer fram hreyfiþjálfun sem tengd er skipulögðum leik. Leikurinn getur verið dýraleikur. Börnin eiga að útbúa bóndabæ með dýrum. - Það er ákveðið að bærinn sé á ákveðnum stað í herberginu, en á öðrum stað eru öll dýrin - nú þarf að sækja þau og

flytja. Síðan segir þjálfari börnunum að draga miða sem á eru myndir af dýri, síðan kasta þau punktateningi og eiga svo að sækja jafn mörg dýr og teningurinn gaf til kynna.

* Þau þurfa síðan að fara af stað, ganga á spýtu, ganga á tunnum, fara kollhnís og svo koma þau að kassanum þar sem dýrin eru og nú þarf að muna hvaða dýr það var á myndinni og hve mörg átti að sækja. Það má líka nota dúkkuhús á sams konar hátt.

* Hér þarf síðan að þjálfari börnin í að endursegja það sem þau voru að framkvæma. Þetta er líka hægt heima með því að fá börnin til að endursegja það sem þau voru að gera í dag, ef foreldrarnir hafa verið með börnum sínum.

Það er mjög algengt að börn með seinkaðan málþroska séu klaufar í hreyfingum. Það þarf ekki að vera að barnið geti ekki hreyft sig rétt, heldur er öll skipulagning á hreyfingum klúðursleg. Þau rekast á, detta oft og halda illa jafnvægi. Það er hluti af þessum vanda sem hægt er að laga með því að fá þau til að tala um leið og þau eru að hreyfa sig. Þannig vinna heilastöðvar betur saman.

* Við segjum um leið og við göngum á spýtu „göngum á spýtu”, „göngum á tunnum” og svo framvegis. Það sem gerist er að barnið fær betri stjórn með því að segja það um leið. Oft er erfitt að tala og gera um leið, en það kemur smám saman. Annað vill oft gerast líka, - tal barnanna verður skýrar um leið.

Það sem hér hefur verið skrifað er stutt kynning á því hvernig ég starfa með börn sem hafa málhömlun, tal- og tjáningarörðugleika. Þetta getur aldrei orðið tæmandi lýsing. En það er einnig annað sem er afar mikilvægt að komi fram. Börnin eru afar misjöfn og þurfa því mismunandi námsskrá.

Foreldrar geta gert mikið ef þeir vilja og oft skiptir mestu máli fyrir börnin að samvinna sé góð á milli heimila og skóla, þá næst mestur árangur. Foreldrar eru sérfræðingar barna sinna, þekkjja þau best og því er mikilvægt að fá gott samstarf við þá.

Kennarar og þjálfarar eru allir sammála um að forsenda fyrir jákvæðum breytingum er að virðing sé á milli aðila sem með barnið vinna. Hafa skal í huga eftirfarandi atriði.

1. Að tala á því máli sem barnið skilur.
2. Nota stuttar skýrar setningar - bein fyrir mæli.

3. Vinna markvisst með barnið og hafa fast form á þjálfuninni.
4. Samþætta þjálfunatriði, þá verður betri heild á virkni barnsins.
5. Þjálfunin verður að vera í formi leikja, þá fáum við fram meiri ánægju barnanna.
6. Nota hljóðfæri og söng til að auka breidd þjálfunarinnar.
7. Málið er yfirbygging á almennan starfrænan þroska og verður því að vera rauður þráður í gegnum alla þjálfunina.

Heimildir:

A.R. Luria:

Hjernen.



Jon Eisenson Mardel Ogilvie:

Communicative Disorders in children.

Carrow-Woolfolk Joan I. Lynch:

An Intergrative Approach to


Language Disorders in Children.



SYNGJA	SPILA	HLUSTA	TEIKNA	HLJÓ<- FÆRI	SAGA
--------	-------	--------	--------	----------------	------

$\frac{1}{4}$ egar athöfn er loki er myndaspjaldinu snúið við.
 $\frac{1}{4}$ annig sjá börnin hvað er búíð og hvað er eftir.
 $\frac{1}{4}$ etta $\frac{1}{2}$ jálfa tímaskyn og minni.

Ég skipti herbergi því sem ég starfa í í 5 stöðvar og hver og ein hefur ákveðið hlutverk og ákveðinn stað. Sjá mynd og skýringartexta.




Stöð A: Hér skipulegg ég tímann. - Við tölum saman. - Við syngjum, við teikum og við hlustum á sögu.

Stöð B: Hér æfum við okkur í að skilja orð í leik og skilja setningar. - Við æfum formskyn, litaskyn og önnur hugtök.

Stöð C: Hér æfum við okkur að hlusta og æfum fínreyfingar.

Stöð D: Hér æfum við okkur í að nota hljóðfæri og hlusta eftir takti og rythma og við lærum að telja.

Stöð E: Hér æfum við okkur í að leika með leikföng svo sem eins og dýr og dúkkuhús og við æfum samskiptaleiki með grófhreyfileikjum.



Foreldrafélag misþroska barna þakkar Svanhildi Svavarsdóttur innilega fyrir að leyfa okkur að birta grein þessa. Það er félaginu ómetanlegur styrkur að fá svona efni frá þeim sem vinna með börn okkar, þannig að þekking þessa fagfólks nýtist okkur líka í daglega lífinu.

Við þykjumst einnig viss um að bæði kennarar, fóstrur og aðrir hafi góð not af greininni.